

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs,
sbr. reglugerð nr. 250/1990 og reglugerð nr. 37/1991.**

1. gr.

Í stað 11. tl. 1. gr., eins og honum var breytt með reglugerð nr. 37/1991, komi tveir töluliðir sem skulu vera 11.a og 11.b tl. og skulu þeir vera svohljóðandi:

11.a	Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki	kr. 100 000
11.b	Leyfi til verðbréfamiðlunar	kr. 50 000

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 frá 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. september 1991.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278/1977, um Tækniskóla Íslands.

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Deildarstjórn setur sérstakar ástundunarreglur og skal m.a. tekið fram, hvaða skilyrði eru sett um rétt til að þreyta próf. Reglur þessar eru háðar samþykki skólastjórnar. Próf í hverjum áfanga má nemandi endurtaka tvisvar sinnum, enda hafi hann fallið við fyrri tilraunir. Skólanefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Einkunnir skal gefa í heilum tölum á bilinu 1–10.

Til að standast próf í áfanga þarf einkunn að vera 6 eða hærri. Þó getur nemandi útskrifast með einkunnina 5 í 4 áföngum eða færri, að hámarki samtals 8 einingar. Einkunn undir 4 þýðir, að nemandi er skylt að stunda nám í áfanganum að nýju eins og um fyrstu tilraun væri að ræða áður en heimilt er að endurtaka próf.

Um prófkröfur í frumgreinadeild fer þó eftir því, sem kveðið er á um í gildandi námsskrá handa framhaldsskólum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. september 1991.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.